

Hafnarfirði, 30. október 2020

Kæru nemendur og foreldrar/forráðamenn

Nú er er orðið ljóst að við mundum halda áfram með **allt nám í fjarkennslu til og með 17. nóvember næstkomandi**. Áfram bið ég ykkur um að fylgjast vel með á INNU og passa vel upp á skilafresti á verkefnum og helstu dagsetningar er varða rafræn próf.

Þrátt fyrir bakslag í baráttunni gegn COVID-19 þá er engu að síður að mörgu að huga í stóru skólasamfélagi eins og Flensborg. **Umhverfismálin verða í brennidepli** hjá okkur þriðjudaginn 3. nóvember en skólinn tekur þátt í verkefnum Grænánans með það að markmiði að fræða nemendur um mikilvægt náttúruverndar og almennrar vitundar um náttúru Íslands. Valið er komið vel af stað og er hægt að **velja fyrir næstu önn til 9. nóvember** og ég minni hér með alla á að gefa sér tíma og skoða áfangavalið og velja inn á INNU.

Einnig vil ég benda ykkur á **helstu niðurstöður viðhorfskönnunar** sem lögð var fyrir nemendur skólans dagana 21. – 26. október. Þær má sjá á vefsíðu skólans en niðurstöður sýna m.a. að mikill meirihluti nemenda hefur upplifað aukið álag í námi vegna COVID-19, um helmingur þeirra hefur áhyggjur af námsstöðu sinni en 33% upplifa litlar eða engar áhyggjur. Nemendum líður almennt þokkalega og/eða vel í fjarkennslufyrirkomulagi og upplifa sig virka í rafrænum kennslustundum. Rúmlega helmingur nemenda upplifir að þeir hafi gott aðgengi að kennurum til að fá aðstoð við að leysa verkefni. Verið er að vinna úr niðurstöðum könnunarinnar í samstarfi við kennara skólans. Einnig er verið **taka ákvarðanir varðandi tilhögun lokaprófa** í desember og verður að sjálfsögðu tekið tillit til þeirra sérstöku aðstæðna sem nú eru uppi.

Að lokum vil ég minna á að það er afar mikilvægt að við stöndum nú saman í baráttunni við heimsfaraldurinn. Alla þessa önn hefur starf okkar litast af COVID-19 og þetta er svo sannarlega mikil áskorun fyrir okkur öll. Höldum áfram að gera okkar besta.

Klárurum þetta saman – við erum Flensborg!

Erla

---

Erla S. Ragnarsdóttir  
Skólameistari Flensborgarskóla  
Principal at Flensborgarskólinn, Upper Secondary School in Iceland  
[www.flensborg.is](http://www.flensborg.is)  
S: +354 565 0400